



1.tbl. 29. janúar 2003



Fylgt úr hlaði

Vinnan.is er ný útgáfa ASÍ, sem fyrirhugað er að komi út u.þ.b. einu sinni í mánuði. Vinnan.is verður einungis gefin út á rafrænan hátt, sem „pdf-skjal“. Ritinu verður m.a. dreift til alþingismanna, ráðuneyta, ríkisstofnana, sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna, samtaka launafólks og samtaka atvinnurekenda. Hægt er að gerast áskrifandi með því að senda tölvupóst til [ritstjóra](mailto:ritstjora@vinnan.is). Viðfangsefnið er stuttar fréttir af vettvangi ASÍ.

Ritstjóri:
Guðmundur Rúnar Árnason

Ábyrgðarmaður:
Grétar Þorsteinsson

Horfur í efnahags- og atvinnumálum

Íslendingar standa frammi fyrir nokkuð sérstæðu vandamáli við stjórn efnahags- og atvinnumála á næstu mánuðum og misserum. Í annan stað er slaki í hagkerfinu þar sem atvinnuleysi hefur vaxið mikið, ásamt vaxandi afkomuvanda heimila og fátækt.

Á hinn bóginn bendir flest til þess að af framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun verði og byggingu álvers við Reyðarfjörð. Einnig er í skoðun stækkun Norðuráls með tilheyrandi virkjanaframkvæmdum. Verði af þessum áformum eru líkur á ofhitnun í hagkerfinu, verði ekkert að gert.

Væntingar á gjaldeyrismarkaði vegna fyrirhugaðra stóriðju- og virkjanaframkvæmda hafa styrkt gengi íslensku krónunnar óeðlilega mikið m.v. jafnvægisgengi til lengri tíma. Þessi styrking krónunnar og tilheyrandi tekjusamdráttur hjá útflutnings- og samkeppnisgreinum, hefur leitt til þess að aukinn og vaxandi þrýstingur hefur verið á uppsagnir og sparnað hjá fyrirtækjum.

Það er mat Hagdeildar ASÍ að þessar gjörólíku aðstæður, þ.e. mikill slaki í efnahagslífinu til skamms tíma og hætta á ofþenslu til lengri tíma, kalli á markvissa og trúverðuga stefnu í efnahagsmálum, stefnu sem hvort tveggja í senn tekur á því mikla vandamáli sem aukið atvinnuleysi hefur í för með sér og leggur jafnframt drög að því með hvaða hætti stjórnvöld og Seðlabanki hyggjast sporna gegn ofhitnun á næstu árum.

Í því samhengi er eðlilegt að gera þá kröfu til stjórnvalda að þau hagi fjármálastjórn sinni þannig að ekki komi til of mikillar þenslu í hagkerfinu né heldur að Seðlabankinn telji nauðsynlegt að hækka stýrivexti sína.

Nauðsynlegar mótvægisáðgerðir


Hagdeild ASÍ telur nauðsynlegt að grípa til eftirfarandi áðgerða:

- Opinberir aðilar flýti mannaflsfrækum framkvæmdum sem mögulegt er að klára á næstu 6-18 mánuðum.
- Seðlabankinn lækki stýrivexti sína frekar, um allt að 1% og ýti þannig undir eftirspurn í hagkerfinu, stuðli að lægra gengi krónunnar og styrki þannig samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.
- Seðlabankinn styrki gjaldeyrisforðann meira en áætlanir hafa gert ráð fyrir og vinni þannig gegn of mikill styrkingu krónunnar. Slík áðgerð bætir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og stuðlar þannig að bættu atvinnustigi.

[Sjá nánar greiningu Hagdeildar ASÍ](#)

Horfur í efnahags- og atvinnumálum – spá Hagdeildar ASÍ

2003	2004-2005	2006-2008	2009->
<ul style="list-style-type: none"> • Slaki í hagkerfinu. • Atvinnuleysi 3-4%. • Hagvöxtur litill. • Framkvæmdir hefjast. Áhrifa gætir á síðari hluta ársins. 	<ul style="list-style-type: none"> • Vaxandi eftirspurn. • Veruleg aukning fjárfestinga. • Vaxandi verðbólga. • Dregur mjög úr atvinnuleysi. • Hagvöxtur vex. • Mikið innstreymi gjaldeyris sem stuðlar að viðskiptahalla og sterkri krónu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Áfram mikil eftirspurn í hagkerfinu. • Áfram miklar fjárfestingar en dregur úr þeim á árinu 2007. • Atvinnuleysi lítið en dregur úr eftirspurn eftir vinnuafli á árinu 2007. • Áfram góður hagvöxtur. • Innstreymi gjaldeyris sem stuðlar að viðskiptahalla og sterkri krónu. • Dregur úr viðskiptahalla en hann er þó umtalsverður. 	<ul style="list-style-type: none"> • Dregur úr eftirspurn. • Niðursveifla í efnahagslífinu hafi árin á undan ekki verið notuð til að huga að frekari atvinnuuppbyggingu.



Atvinnuleysi í desember 2000-2002			
	Des. 2000	Des. 2001	Des. 2002
Hlutfallslegt atvinnuleysi:			
Landið allt	1,3	1,9	3,0
Höfuðborgarsvæðið	1,1	1,9	3,1
Landsbyggðin	1,7	2,0	2,9
Karlar	1,0	1,6	2,8
Konur	1,8	2,3	3,3
Langtímaatvinnuleysi:			
Fjöldi atvinnulausra	2.407	3.119	5.071
Fjöldi langtímaatvinnulausra (≥ 6 mánuðir)	400	410	1.021
Hlutfall langtímaatvinnulausra af atvinnulausum	16,6	13,1	20,1

Heimild: Vinnumálastofnun

Langtíma-atvinnuleysi virðist vera að aukast...

Með vaxandi atvinnuleysi hefur langtímaatvinnulausum fjölgað, þ.e.a.s. þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6 mánuði eða lengur.

Í desember sl. höfðu 1.021 einstaklingar eða 20% atvinnulausra verið án vinnu lengur en 6 mánuði. Á sama tíma fyrir ári voru þetta 410 einstaklingar, eða um 13% atvinnulausra. Ákveðins misskilnings hefur gætt að undanförunu í umræðunni um langtíma-atvinnuleysi. Fram hafa komið fullyrðingar um að langtímaatvinnuleysi hafi farið minnkandi á síðustu misserum og hafi ekki verið minna síðan 1993. Samkvæmt gögnum frá Vinnumálastofnun kemur hins vegar fram að langtímaatvinnulausum hefur fjölgað jafnt og þétt síðan í september 2001, eins og sjá má á myndinni hér til hliðar.

Óheimill aðgangur að tölvupósti starfsmanns

Persónuvernd úrskurðaði nýverið að atvinnurekanda hafi verið óheimilt að skoða tölvupóst starfsmanns. Undanfari málsins var að atvinnurekandi ákvað að greiða ekki fyrrum starfsmanni laun í uppsagnarfresti og rökstuddi ákvörðunina með því að starfsmaðurinn hefði brotið trúnað. Hann hefði verið í miklum tölvupóstsamskiptum við fyrrum samstarfsmann sem hafði ráðið sig til starfa hjá samkeppnisaðila. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að atvinnurekandi hefði með því að nota tölvupóst starfsmanns með þessum hætti farið gegn lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur nú til athugunar að semja nýja tilskipun á þessu sviði sem endurspeglar þær raunverulegu aðstæður og tilvik sem koma upp í samskiptum starfsmanna og atvinnurekenda. Í því sambandi er m.a. vísað til þess að möguleikar á rafrænu eftirliti með starfsmönnum hafi aukist mjög á síðustu árum. Nauðsynlegt sé að bæði starfsmenn og atvinnurekendur hafi undir höndum skýrar reglur um hvað má og hvað má ekki í meðferð

og vinnslu persónuupplýsinga sem verða til innan ramma ráðningarsambandsins. Í þessu sambandi leggur framkvæmdastjórnin áherslu á að atvinnurekendur eigi ekki að geta skýlt sér á bakvið „samþykki starfsmanna“ fyrir meðferð og vinnslu persónuupplýsinga, eins og raunar var gert í því tilviki sem álit Persónuverndar fjallar um. Í því sambandi er sérstaklega bent á að starfsmenn og tilvonandi starfsmenn eru yfirleitt í erfiðri stöðu til að hafna, draga til baka eða breyta fyrri yfirlýsingum um samþykki.


Jákvæð afstaða ASÍ

Afstaða ASÍ til hugmynda framkvæmdastjórnarinnar er jákvæð. Kostir við setningu slíkra reglna er augljósir, enda má ætla að í þeim væri hægt að taka á flestum þeim álitaefnum sem upp koma á þessu sviði og skýra í meginatriðum hvar mörkin liggja milli friðhelgi starfsmanna annars vegar og réttar atvinnurekanda hins vegar til að viðhafa eðlilegt eftirlit með vinnustað og notkun atvinnutækja.

[Sjá nánar útlistun lögfræðideildar ASÍ](#)

Kjör atvinnulausra hafa rýrnað

Kjör atvinnulausra hafa rýrnað frá því að breytingar voru gerðar á lögum um atvinnuleysistryggingar árið 1995. Fram að því höfðu þær tekið mið að launum fiskverkafólks. Lágmarksdagvinnutekjur fiskverkafólks án bónusa eru nú 93.000 kr. á mánuði. Fullar atvinnuleysisbætur eru hins vegar 77.452 kr. á mánuði eftir síðustu hækkun eða 20% lægri en lágmarkslaun í fiskvinnslu. Ef atvinnuleysisbætur hefðu þróast í takt við almenn laun, þá væru þær um 87.000 kr. á mánuði eða 12% hærri en nú. Myndin sýnir þróun atvinnuleysisbóta, í samanburði við þróun lágmarkslauna fiskverkafólks og almennra launa í þjóðfélaginu. Á henni má glögg sjá að þær hafa hækkað mun minna en laun í þjóðfélaginu.



Vinnutímatilhögun sveigjanlegri

Þann 1. janúar síðastliðinn tók gildi samningur milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um hlutastörf. Tilgangur samningsins er að eyða mismunun gagnvart starfsfólki sem gegnir hlutastörfum og auka möguleika á sveigjanlegum vinnutíma.

Í samningnum er kveðið á um bann við mismunun hvað varðar kjör og réttindi á grundvelli starfshlutfalls. Jafnframt er kveðið á um skýrar skyldur atvinnurekanda til að opna fyrir sveigjanleika í vinnutíma fyrir starfsfólk og að það sé ekki gild ástæða uppsagnar ef starfmaður neitar að fara úr fullu starfi í hlutastarf, eða öfugt.

Aðdragandinn

Samningurinn felur í sér meginefni tilskipunar Evrópusambandsins um hlutastörf, sem er byggð á rammisamningi aðila vinnumarkaðarins í Evrópu.

Samningaviðræður hófust vorið 2000. Fljótlega kom upp ágreiningur um tiltekin atriði og var viðræðum slitið tvívegis, en að lokum var gengið frá samkomulagi þann 13. nóvember. Málið var tekið fyrir á fundi miðstjórnar ASÍ þann 27. nóvember. Þar var samningurinn lagður fram, ásamt minnisblaði sem lýsti aðdraganda málsins og framgangi. Sjá [minnisblaðið](#) og [samninginn](#).

Eftirfylgni og uppsagnarákvæði

Til að fylgja eftir efndum, er kveðið á um að aðilar skipi samráðsnefnd sem fjalli um framkvæmd samningsins og hafi jafnframt það hlutverk að leysa úr ágreiningi um túlkun. Samningurinn er gerður til eins árs og er uppsegjanlegur með þriggja mánaða uppsagnarfresti, en framlengist ella um eitt ár í senn.

Upplýstur neytandi er öflugasta aðhaldið

Verðlagseftirlit ASÍ hefur verið starfrækt í núverandi mynd síðan í maí 2001. Markmið þess eru að efla neytendavitund með upplýsingagjöf og að veita fyrirtækjum og stofnunum aðhald. Neytendavitund og aðhald geta þannig stuðlað að bættum kjörum launafólks. Stöðugleiki og lágt verð tryggja betri kjör neytenda þar sem verð neysluvöru hefur bein áhrif á kaupmátt. Starf verðlagseftirlitsins skiptist í meginatriðum í þrennt:

- Kannanir, bæði reglubundnar og sértækar
- Úttektir og upplýsingagjöf
- Eftirlit og eftirfylgni

Á þeim tíma sem verðlagseftirlitið hefur starfað, hefur áhersla verið lögð á gagnasöfnun um verðlags- og neytendamál, aðallega innanlands, en erlendis þegar tækifæri hafa verið til. Lögð hefur verið áhersla á að byggja upp og safna upplýsingum í gagnagrunn sem hægt er að nota til að bera saman verð á vöru milli tímabila. Mikil áhersla hefur verið lögð á að skoða matvörumarkaðinn, en einnig hefur sjónum verið beint að ýmsu öðru sem viðkemur pyngju neytenda. Verkefnið er komið í nokkuð fastar skorður og búið er að móta stefnu í framkvæmd og verklagi varðandi verðkannanir. [Nánar um einstakar kannanir.](#)



Evrópusamvinnan – horft til framtíðar

Í ár eru liðin 10 ár frá því hinn sameiginlegi innri markaður Evrópuríkja varð að veruleika. Þá er nú liðinn áratugur frá því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var staðfestur hér á landi.

Aðilar vinnumarkaðarins í EFTA ríkjum eru sammála um að innri markaðurinn og Evrópusamvinnan hafi þjónað vel hagsmunum launafólks og fyrirtækja. Atvinnulífinu á evrópska efnahagssvæðinu öllu var skapaður sameiginlegur rammi og fyrirtæki fengu sambærileg starfsskilyrði og samkeppnisreglur.

Samhliða sameiginlega markaðinum, aukinni samkeppni og frjálsræði í viðskiptum, hefur fylgt félagsleg þróun sem miðar að því að bæta kjör og treysta réttindi launafólks og allra íbúa Evrópu.

Þá er ótalin marghátuð samvinna Evrópuþjóða á sviði vísinda og rannsókna, samstarfsáætlanir á sviði fullorðinsfræðslu, neytendavernd og menningarsamstarf, svo fátt eitt sé nefnt.

Evrópa á krossgötum – staða EES samningsins

Þrátt fyrir að EES samningurinn hafi þjónað upphaflegu hlutverki sínu vel er ljóst að margt í umhverfi hans hefur breyst frá því hann var gerður. Staða EFTA ríkjanna hefur veikt umtalsvert með inngöngu Austurríkis, Svíþjóðar og Finnlands í Evrópusambandið. Þá er ljóst að með stækkun ESB mun staða Íslands, Noregs og Lichtenstein í Evrópusamvinnunni veikjast enn frekar, pólitískt og efnahagslega.

Í annan stað hefur samstarf ríkja Evrópusambandsins dýpkað og ný viðfangsefni hafa verið felld undir samvinnu þeirra sem hafa bein og óbein áhrif á innri markaðinum. Þetta gildir m.a. um þau markmið sem Evrópusambandið hefur sett sér í efnahags, atvinnu- og félagsmálum, svokallað Lissabon ferli, þar sem byggt er á samstarfi og aðferðafræði sem er utan marka EES samningsins.

Í þriðja lagi er síðan væntanleg stækkun ESB með inngöngu 10 ríkja í Austur Evrópu og við Miðjarðarhafið árið 2004. Stækkunin mun auka hagsæld, styrkja friðsamlega sambúð þjóða og treysta mannréttindi og lýðræði í álfunni allri. Samhliða stækkuninni á sér stað umræða um framtíðaruppbyggingu Evrópusambandsins og stjórnkerfis þess. Ljóst er að miklu skiptir hvað kemur út úr því starfi, en þar er auk annars verið að fjalla um vinnumarkaðinn og félagslega sýn Evrópusambandsins til framtíðar.

Sameinuð Evrópa

Samstarf EFTA og ESB ríkjanna stendur nú frammi fyrir ögrandi og jafnframt erfiðu úrlausnarefni. Til að tryggja framtíð innri markaðarins og Evrópusamvinnunnar er mikilvægt að stækkun EES verði samhliða stækkun Evrópusambandsins. Mistakist þetta ætlunarverk mun það hafa alvarleg áhrif fyrir framtíð evrópska efnahagssvæðisins. Stækkun ESB án stækkunar EES þýðir í reynd að stöðunum er kippt undan EES samningnum.

Verkalýðshreyfingin og samtök atvinnurekenda í EFTA ríkjum styðja heilshugar sameiningu Evrópu með stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og ESB. Þetta hefur ítrekað komið fram á sameiginlegum vettvangi þessara samtaka í Ráðgjafarnefnd EFTA. Aðilar vinnumarkaðarins hafa fulla trú á að niðurstaða fáiast í þeim samningaviðræðum sem nú standa yfir sem tryggi hagsmuni EFTA ríkjanna en verði um leið mikilvægt framlag til frekari samvinnu Evrópuríkja, hagsældar í álfunni allri og lýðræðis. Framtíðarverkefnið er síðan að treysta enn frekar stöðu okkar í samstarfi Evrópuþjóða.

Ráðgjafarnefnd EFTA

Ráðgjafarnefnd EFTA, sem sett var á stofn árið 1961, er vettvangur samtaka launafólks og atvinnurekenda í aðildarríkjunum fjórum, Íslandi, Liechtenstein, Noregi og Sviss. Nefndin er jafnframt tengiliður milli aðila vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum og Evrópusambandinu. Af hálfu Íslands eiga ASÍ, BSRB, SA og SI aðild að nefndinni. Ráðgjafarnefndin er þannig mikilvægur vettvangur fyrir samráð og samvinnu milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórna í EFTA-ríkjunum, jafnt formlega sem óformlega. Þátttakendur í Ráðgjafarnefndinni skipta reglulega með sér formensku. Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ er nú formaður nefndarinnar. Nánar má lesa um [Ráðgjafarnefndina](#) og afstöðu hennar á vef EFTA.

MFA – fræðsludeild ASÍ

Í ársbyrjun tóku gildi breytingar á starfi og skipulagi Menningar- og fræðslusambands alpýðu. Starfsemi inni var skipt upp tvær einingar, MFA, fræðsludeild ASÍ og Mími-símenntun. Mímir – símenntun er fyrirtæki í eigu ASÍ og fæst einkum við að bjóða upp á almenna menntun, svo sem tungumála- og tölvunám fyrir þá sem hafa minnsta formlega menntun að baki. Jafnframt er boðið upp á margvíslegt starfstengt nám, auk ýmissa tólmstundanámskeiða. Hlutverk MFA – fræðsludeildar ASÍ, er að skipuleggja félagslega fræðslu fyrir talsmenn stéttarféлага. Starfsemi deildarinnar mun aðallega felast í þróun námskeiða, námsefnisgerð, greiningu þarfa og fræðsluráðgjöf. Starfsemi deildarinnar verður af eðlilegum ástæðum samfléttuð starfsemi Félagsmálaskóla alpýðu og deildarstjóri MFA fræðsludeildar ASÍ er jafnframt skólastjóri Félagsmálaskólans. Á vettvangi Félagsmálaskólans á ASÍ jafnframt í samstarfi við aðildarfélög BSRB um félagslega fræðslu. Með þessu fyrirkomulagi nást aukin tengsl aðildarfélaga við starf og skipulagningu fræðslu og að þarfir aðildarfélaga og sambanda fá meira vægi.